

Sp.

15. Fyrirspurn

[15. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtt álver við Straumsvík.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða áform eru uppi um byggingu nýs álvers eða stækkun álversins í Straumsvík?
2. Hvað er gert ráð fyrir stórrí verksmiðju?
3. Hvers konar eignaraðild er fyrirhuguð að verksmiðjunni og við hvaða aðila hefur verið rætt um byggingu hennar?
4. Hver er áætluð orkuþörf nýrrar verksmiðju og hvenær telja stjórnvöld æskilegt að hún taki til starfa?
5. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um byggingu raforkuvera í tengslum við nýtt álver?
6. Hvaða aðilar hafa unnið að málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvar hefur ráðgjafar verið leitað?
7. Hvað hafa þessar athuganir kostað og hvernig skiptist kostnaðurinn?

Þess er óskað að uppdráttur fylgi er sýni fyrirhugaða staðsetningu verksmiðjunnar.

Skriflegt svar óskast.